

Forsætisnefnd

### **DRÖG - Tilraunaverkefni um breytt fyrirkomulag funda borgarstjórnar**

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki tilraunaverkefni vegna funda borgarstjórnar veturinn 2022-2023 með það að markmiði að gera fundina skilvirkari, fjölskylduvænni, sveigjanlegri og fyrirsjáanlegri í allri umgjörð ásamt að draga úr kostnaði og álagi.

Frá og með fyrsta fundi borgarstjórnar í október og til lokafundar í júní verði eftirfarandi fyrirkomulag viðhaft við fundarsköp og boðun funda borgarstjórnar:

- Fundir borgarstjórnar munu hefjast kl. 12:30. Öll umræða og afgreiðsla tillagna skal vera lokið kl. 18. Frá kl. 18-19 verða fundargerðir lagðar fram og kosningar í ráð og nefndir afgreiddar eftir því sem við á. Stefna skal að því að fundum borgarstjórnar verði alla jafna lokið ekki seinna en kl. 19.
- Almennur ræðutími helst óbreyttur en andsvör verði stytta í 1,5 mín og 1 mín þegar tveir/þrír eða fleiri hafa óskað eftir að veita andsvar í samræmi við 3. mgr. 24. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.
- Forsætisnefnd útbýr starfsáætlun fyrir fundi borgarstjórnar veturinn 2022-2023 með þemafundum bæði fyrir og eftir áramót.
- Umræða um hvert mál skal vera að hámarki 2 klst. nema þegar um þemafundi borgarstjórnar er að ræða.
- Gert verður samkomulag um að á hverjum fundi verði meirihlutflokkarnir með fyrsta mál á dagskrá, Sjálfstæðisflokkurinn með annað mál á dagskrá og aðrir flokkar skiptast á að vera með 3. og 4. mál í samræmi við það sem tíðkast hefur.
- Forsætisnefnd verður falið að vinna tillögu að breytingu á fyrirkomulagi við mælendaskrá á fundum borgarstjórnar og hvernig beðið er um orðið.

### **Greinargerð:**

Hugarflug á vinnudegi forsætisnefndar sem haldinn var föstudaginn 2 september leiddi í ljós sameiginlegan vilja forsætisnefndar að gera borgarstjórn að betri vinnustað, fjölskylduvænni og fyrirsjáanlegri hvað varðar fundartíma og umgjörð. Rætt var m.a. að hefja borgarstjórnarfundum fyrir, ljúka þeim fyrir og að sett verði þak á lengd funda og þak á lengd umræðna um einstök mál.

Rætt var um ræðutíma og andsvör, hvort fjölga ætti fundum í borgarstjórn þannig að fundað væri í hverri viku og hvort færa ætti fundi borgarstjórnar í átt að fundum þingsins m.t.t. hvort borgarfulltrúar þurfi að vera viðstaddir allan fundinn eða ekki. Einnig fór fram löng umræða um hvort borgarstjórnarflokkar ættu í meira mæli að leggja sameiginlega fram mál eða hafa þemafundi þannig að dagskrá þeirra funda væri helgaður sérstöku málefni þannig að ekki væru mörg mismunandi mál flokkanna á dagskrá.



Fyrsti fundur í október gæti verið tileinkaður húsnæðismálum, fyrsti fundur í nóvember verður tileinkaður fjárhagsáætlun og einn fundur í janúar yrði tileinkaður málefnum aldraðra o.s.frv. Var talið að slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda borgarfulltrúum undirbúning og að umræða færi meira á dýptina en ella. Talin var þörf á því að endurskoða hvernig borgarfulltrúar biðja um orðið á fundum en allskyns ósiðir hafa þróast gegnum árin s.s. að berja í borðið til að ná athygli forseta og var að heyra á nýjum borgarfulltrúum að þetta sé óviðeigandi og truflandi.

Í því tilraunaverkefni sem hér er lagt til að verði komið á fót frá og með fyrsta fundi borgarstjórnar í október er leitast við að koma til móts við flest þessi sjónarmið og lagðar til aðgerðir til að leysa þau vandamál sem forsætisnefnd kom sér saman um að væru brýn. Lagt er til að verkefnið verði metið vorið 2023 m.t.t. hvort vel hafi tekist og hvort framhald skuli verða á því eða ekki. Gerð verður viðhorfskönnun meðal borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa til að meta framgang verkefnisins.

Virðingarfyllt,  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
*forseti borgarstjórnar*